

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 26.apríl 2015

---

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 26.04.2015

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnus Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Ársreikningur 2014
2. Gjaldskrá Skagabúðar
3. Air 66
4. Erindi frá vegagerðinni v/opnun náma
5. Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi
6. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð og gjaldskrá v/sorphirðu
7. Önnur mál.

## **1.Ársreikningur 2014**

Undir þessum lið er mættur Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG.

Kristján Jónasson skýrði ársreikning sveitarfélagsins. Rekstrarniðurstaða Aog B hluta er neikvæð um 21,4 milljón króna en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 20,8 milljónir króna.

Reikningar samþykktir eins og þeir liggja fyrir og vísað til seinni umræðu.

## **2. Gjaldskrá Skagabúðar**

Farið yfir taxa Skagabúðar

Svefnpökupláss hækkar í 3.000

Leiga á sal hækkar í 24.000

Leiga v/ýmissa fámennra samkoma fer í 400 kr. pr. mann. Lágmarksgjald verður kr. 6.000

Tjaldstæði hækkar í kr. 2.500

Sólarhringsleiga (ættarmót og hópar) hækkar í kr. 31.000 fyrsti sólarhringur og 26.000 hver sólarhringur þar eftir.

Ársleiga Kvenfélagsins Heklu er óbreytt kr. 19.000

Veitingasöluprósentu er óbreytt 20% en önnur sölustarfsemi greiðir tvöfaldan lágmarkstaxta. Hámarksgjald fer aldrei yfir 24.000 kr.

Dúkaleiga verður 450 kr. stykkið en 550 kr. stk. leigt utan Skagabúðar

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 26.apríl 2015

---

Gjaldskráin taki gildi 01.05.2015

## **3. Air 66**

Vignir kynnti bréf frá Air 66. Flugklasinn Air 66 hefur það að markmiði að koma á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring. Air 66 óskar eftir aðkomu sveitarfélagsins að þessu verkefni með framlagi sem nemur kr. 300 á hvern íbúa á ári í 3 ár. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

## **4. Vignir lagði fram 2 bréf frá Vegagerðinni.**

Vegagerðin óskar eftir að Tjarnarnáma verði sett inn á aðalskipulag Skagabyggðar. Vegagerðin ráðgerir að taka efni í malar slitlag úr námunni á næstu árum. Sveitarstjórn felur oddvita að ganga frá breytingum á aðalskipulagi.

Einnig óskar Vegagerðin eftir framkvæmdaleyfi til að vinna 300-500m<sup>3</sup> af leir úr námu í landi Saura en náman er á skipulagi. Sveitarstjórn samþykkir beiðni og felur oddvita að ganga frá framkvæmdaleyfi.

## **5. Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurland**

Vignir lagði fram drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi sem þriggja manna verkefnisstjórn hefur unnið að í samræmi við samning milli sorpsamlaga á svæðinu og sveitarfélagsins Húnaþingi vestra um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt Norðurland.

Sveitarstjórn samþykkir að fela verkefnisstjórninni að auglýsa áætlunina í samræmi við ákvæði 6.gr.laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat á umsagnartíma.

## **6. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð og gjaldskrá v/sorphirðu**

Vignir lagði fram samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð

Sveitarstjórn samþykkti samþykkt og fól oddvita að senda hana ásamt gjaldskrá til heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra til samþykktar.

## **7. Önnur mál**

Ákveðið var að láta bíl fara um sveitarfélagið á komandi sumri til að taka brotajárn.

Umræður spunnust um að merkja eignir sveitarfélagsins og kirkjur í sveitarfélaginu, ákveðið var að panta skilti við réttir, félagsheimili, kirkjur og Kálfshamarsvík og setja upp í sumar.

Ákveðið var að athuga hvort einhver áhugi væri fyrir því hjá unglíngum sveitarfélagsins að inna af hendi ýmiskonar viðhaldsvinnu og hreinsunarstarf á vegum Skagabyggðar. Ef af yrði þyrfti einnig að fá umsjónarmann.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 26.apríl 2015

---

---

Fundargerð lesin upp og samþykkt.